

Nd.

59. Frumvarp til laga

[54. mál]

um breyting á lækna­lögum, nr. 80 23. júní 1969.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Matthías Bjarnason, Halldór E. Sigurðsson,  
Helgi Seljan.

1. gr.

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er skylt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæk­nisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

2. gr.

1. mál­slíður 3. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur veitt mönnum, er eigi hafa tekið próf það eða lokið því námi, er um getur í 2. gr., né innt af hendi þá kvöð, er þar greinir, takmarkað lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækna, ef þeir hafa sannað fyrir lækna­deild háskólans, að þeir hafi næga kunnáttu og lækna­deildin og landlæknir mæla með leyfis­veitingunni, ótakmarkað lækningaleyfi má og veita þeim, ef þeir að auki gegna læknishéraði eða aðstoðarlæk­nisstarfi hjá héraðslækni allt að 6 mánuði og land­læknir mælir með slíkri leyfisveitingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Læknaskortur í strjálbýlinu er kunnari en svo, að hér þurfi að lýsa, og kemur ekki strjálbýlið eitt til. Má raunar svo að orði kveða, að landsbyggðin öll utan Faxa­flóasvæðisins hafi við meiri og minni læknaskort að stríða.

Margir ala þá von í brjósti, að svonefndar læknamiðstöðvar leysi þennan vanda, en öðrum er það mjög til efs, og vist er, að sú þróun gengur svo hægt, að um bráðar úrbætur þannig er ekki að ræða. Landsbyggðin víða er nánast skelfingu haldin af því öryggisleysi, sem læknaskorturinn veldur. Æskilegast hefði verið, ef læknastéttin sjálf hefði komið með skjótvirkar úrbætur, en fyrst svo hefur ekki orðið og fjöl­mörg læknishéruð eru nú læknislaus, er hér lagt til, að sú forsenda sé ófrávikjanleg fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að þeir, er það fá, hafi gegnt læknishéraði eða að­stoðarlæk­nisstarfi hjá héraðslækni í 6 mánuði. Þannig má tryggja læknishéruðun­um a. m. k. nokkra læknisþjónustu, svo mikil sem viðkoman er í læknastéttinni, og visast raunar í fleiri tilfellum þrýðisþjónustu, því að hinir ungu verðandi læknar bæta það oft fullkomlega upp með alúð og áhuga í starfi, sem þá skortir í reynslu, að því er mörgum íbúum læknishéraðanna hefur fundizt. Þyki þessi lagabreyting harðleikin og óþörf, þegar stundir líða, vegna þróunar í læknisþjónustunni úti um land, má alltaf nema úr gildi þá afdráttarlausu kvöð, sem hér er lagt til, að lögð sé á. En eins og mál standa í dag, er hún bráð nauðsyn, áður en enn meiri vandræði standa af læknaskorti úti í strjálbýlinu.